

Rannsóknskýrslur Þjóðminjasafns 2001

15

Beinafundur við Helluland í Reykjadal, Suður Þíngeyjarsýslu

Sigurður Bergsteinsson



Reykjavík 2012

Guðmundur Ólafsson gekk frá skýrslunni 2012.

© Sigurður Bergsteinsson/Þjóðminjasafn Íslands.

Forsíðumynd: Horft ofan á beinin við klettinn. Litaráferð á steinunum umhverfis beinin bendir til þess að steinar hafi verið fjarlægðir ofan af beinunum (Ljósmynd Sigurður Bergsteinsson).

Beinafundur við Helluland í Reykjadal Suður-Pingeyjarsýslu.



Yfirlitsmynd af fundarstað. Beinin eru fyrir miðju undir klettinum (Ljósmynd Sigurður Bergsteinsson).

Þann 5. júlí 2001 sýndi Guðmundur Hallgrímsson bóndi í Grímshúsum í Reykjadal okkur Guðnýju Zoëga nokkur mannabein sem fundist höfðu skammt frá Hellulandi. Beinin voru við hraunkletta skammt norð-vestan túngarðs Hellulands í úfnu hrauni sem þar er. Þarna voru sköflunga, fótár- og hælbein. Ekki voru þarna nein önnur bein úr efri hluta líkamans.

Hnitamæling með 6m skekkjumörkum gaf hnitin “N65 49.299 V17 22.930”. Engar sagnir tengjast þessum beinum að sögn Guðmundar bónda, en hann lét þess þó getið að lengi hafi verið vitað um þau og hann taldi að þau hefðu verið fleiri þarna áður.

Það verður samt að teljast afar einkennilegt að aðeins neðsti hluti beinagrindarinnar skuli finnast nú.

Beinin voru á ekki hulin þegar að var komð. Þó mátti sjá af skófum og mosa að þarna í kring hafði grjót verið fjarlægt úr hrauninu. Því mætti geta sér til að menn hafi verið að sækja hleðslugrjót, t.d. í túngarðinn sem er skammt frá, og þá komið niður á beinin. Þá getur verið að ekki hafi náðst til sköflunga dilka og fótabeina í það skiptið. Klöppin sem beinin fundust undir, er skófalaus í um 1 m hæð yfir beinunum. Þau hafa því verið hulin.

Staðsetning beinanna í úfnu hrauni bendir ekki til að um kuml sé að ræða. Ekki er um aftökustaði í nánd við beinin. Það er því nokkur ráðgáta hvernig beinin eru tilkomin á þessum stað.

Akureyri 31. júlí 2001

Sigurður Bergsteinsson
Minjavörður Norðurlands eystra
Aðalstræti 58
600 Akureyri